

Framfarafélag Flateyjar

Stjórnarfundur 11.11 2015

Fundarstaður: Samskip

Fundur settur kl. 17:00. Mættir eru : GS, HG, SS, KSI, DHS

- Rætt um gagnrini sem hefur komið fram um að stjórnin sé ekki nægjanlega sýnileg á fréttamiðlum félagsins. Ákveðið var að taka samantekt úr fundargerðum og setja á heimasíðu FFF.
- Rætt um fyrirspurn frá húseiganda í Flatey varðandi hvort stjórn FFF muni beita sér frekar sem þrýstihópur í „Stjórnsýsluflutningsmáli“ Flateyjar. Afstaða stjórnar hefur ekki breyst í því máli.
- GS gerði grein fyrir samtali sínu við ábúendur í Flatey um Dreifbýlisnefnd. Niðurstaða þeirra var að Gunna Marta hefur gefið kost á sér sem fulltrúi Flateyjar í nefndinni og Baldur Ragnarsson til vara, en eingöngu lögheimilisaðilar hafa rétt á því. Stjórn FFF mun senda póst til sveitarfélagsins og fagna þessu skrefi og bjóða fram krafta stjórnar í nefndinni ef það gæti hentað.
- Tekið fyrir erindi frá Gunnari Sveinssyni um málefni Flateyjar. Stjórn FFF er að vinna að mörgum atriðum sem fram koma í erindinu.
- Gunnlaugur Grettisson (GG) frá Eimskip kom sem gestur inn á fund. GS kynnir FFF og starf þess. GG kynnir líka aðkomu Eimskips og ítrekar vilja félagsins til að standa vel að Flateyjarferðum og samstarfi við hagsmunaaðila. Rætt um samning Vegagerðarinnar og Sæferða varðandi ferðir og vetraráætlun til Flateyjar. Einnig ræddar sameiginlegar áhyggjur allra af bryggjunni í flatey og ástandi hennar. Að lokunum umræðum vikur GG af fundi.
- Bílastæðagjald við Stykkishólsmshöfn rætt. GS hefur sent fyrirspurninir til annara sveitarfélaga með ferjur. Ekkert þeirra innheimtir gjald við sínar hafnir og það er ekki á dagskrá. Stjórn er að leggja lokadrög að bréfi til að mótmæla áformum Stykkishólmsbæjar.
- Rætt um heimasíðuna Flatey.com.

Fundi slitið kl. 20